

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Íslenska	Kennari/ar Kennari:
--	---------------------

Markmið	
<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verði vel máli farnir þegar í íslensku samfélagi og hafi skilning á gildi þess að bæta færni í íslensku • þjálfist í skýrri og góðri frásögn á íslensku með upplestri og leikrænni tjáningu • þjálfist í að taka þátt í samræðum og geti hlustað af athygli á aðra með virðingu og kurteisi • lesi sér til gagns, skilnings og skemmtunar, fjölbreytta og ólíka texta sem og bækur • geti greint aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta • kynnist íslenskri menningu, listum og bókmenntum og öðlist skilning á mismunandi hugtökum og frásagnarformi • læri um mismunandi form ljóða og nokkur hugtök í ljóðum • öðlist fjölbreytta þjálfun og auki færni í ritun, bæði handritun sem og á tölvu og geti nýtt helstu atriði stafsetningar og greinamerkjasetningar í þeirri vinnu • læri þætti íslenskrar málfræði með áherslu á sagnorð, fallorð og óbeyjanleg orð og geri sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu • kunni að nýta starfrófið til að fletta upp í orðabókum og raða upp í stafrófsröð • þjálfist í að leika sér með tungumálið t.d með rími, málsháttum og orðaleikjum • læri aðferðir til að leysa úr viðfangsefnum námsins • fái markvissa þjálfun í skapandi skrifum 	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> • Talað mál, hlustun og áhorf. • Lestur og bókmenntir. • Ritun og stafsetning. 	<ul style="list-style-type: none"> • Málfræði. • Upplýsingaöflun.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Námsgögn

- Málrækt 2
- Orðspor 2
- Arfurinn
- Annar smellur
- Flökkuskinna og Söguskinna
- Skrift 6
- Að auki er unnið með kafla, greinar, ljóð, smásögur, spil, leiki, námsforrit, handbækur, orðabækur, fjölbreytt verkefni t.d. af skolavefurinn.is og fleira.

Kennsluáferðir

- Innlagdir
- Samræður
- les- og hlustunarskilningsverkefni
- spil og leikir
- einstaklings-, para- og hópavinna.

Verkefni eru fjölbreytt og koma inn á alla þætti íslenskunnar.

Námsmat

Símat – Námsmat sem framkvæmt er jafnt og þétt yfir námstímann.

Leiðsagnarmat - endurgjöf kennara samhliða verkefnavinnu í kennslustundum.

Sjálfsmat – Markmið og viðmið náms kynnt fyrir nemendum. Nemendur velja reglulega fyrir sér námi sínu, í samstarfi við kennara, til að fara yfir eigin árangur og setja sér markmið.

Stöðumat – Fjölbreytt verkefnavinna, virkni í tímum, skilningur og samstarfshæfni.

Munnlegar og skriflegar kannanir reglulega yfir skólaárið.

Námsmat er samkvæmt hæfni viðmiðum aðalnámskrá, aðlöguð af Skólaskrifstofu Árnesþings. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi og birt á Mentor.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Stærðfræði	Kennari/ar Kennari:
---	---------------------

Markmið	
<p>Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.</p>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> Tölur og reikningur: tugakerfið, námundun, hugarreikningur, samlagning, frádráttur, negatívar tölur, frumtölur, margföldun, deiling. Líkur: líkur í daglegu lífi, í spilum og þess háttar. Tugabrot og almenn brot 	<ul style="list-style-type: none"> Rúmfræði: þrívídd, form, hyrningar... Mælingar: þyngd, rúmmál, tími o.fl. Margföldun og deiling. Hnitakerfi og hlutföll.
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> Stíka 2a – Nemendabók og æfingahefti Stíka 2b – Nemendabók og æfingahefti Ljósrit og annað stuðningsefni 	
Kennsluáferðir	
<ul style="list-style-type: none"> Bein kennsla og innlagnir Para- og hópavinna Námsleikir Þemanám Útinám Hugsandi kennslurými 	
Námsmat	
<ul style="list-style-type: none"> Leiðsagnarmat – endurgjöf frá kennara Stöðumat – Hópverkefni, einstaklingsverkefni, skilningur og virkni í tímum. Sjálfsmat – mat á eigin stöðu hjá nemendum. 	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði	Kennari/ar:
---	-------------

Markmið	
<p>Markmið samfélagsfræðikennslu er að efla kunnáttu og skilning nemenda á umhverfis- og náttúruvernd, á landafræði, sögu og menningu og á mismunandi trúarbrögðum, siðum, trúartáknum, hátíðum og hefðum. Einnig að nemendur öðlist færni í fjölbreyttum samstarfsverkefnum, lýðræðislegum vinnubrögðum og þrautseigju.</p>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> • Umhverfismennt – nemendur fræðast um náttúru og umhverfi og mikilvægi þess að gefa því gaum og bera fyrir því umhyggju. • Sjálfsmynd og samfélag – nemendur fræðast um ýmislegt sem tengist nærumhverfi þeirra. Kynnast hugtökum eins og sjálfsmynd og félagsmótun. Þá verður farið yfir lýðheilsumál eins og mataræði, hreyfingu og svefn. • Landafræði Íslands – nemendur kynnast náttúru Íslands, náttúruauðlindum, atvinnulífi og umhverfi. Nemendur kynnast hverjum landsfjórðungi Íslands, sérkennum, samgöngum og mannlífi. Áhersla er lögð á kort og kortlestur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Trúarbragðafræði – nemendur kynnast helstu áherslum nokkurra trúarbragða. Trúarbrögð eru víða stór þáttur í allri menningu. Lögð er áhersla á fjölbreytni og umburðarlyndi. • Íslandssaga – nemendur fræðast um sögu Íslands, um landnám, fornsögur, alþingi, trú, stjórnmal og hvernig líf Íslendinga hefur breyst frá landnámi til dagsins í dag.
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> • -Grænu skrefin • -Trúarbragðavefurinn • -Ísland – veröld til að njóta • -Ísland – Hér búum við • -ÉG og sjálfsmyndin-Að auki eru fjölbreytt ítarefni notið til að styðja við kennslu, t.d. námsspil, efni á vefsíðum og kortabækur 	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluaðferðir

- Innlagnir
- Samræður
- les- og hlustunarskilningsverkefni
- Spil og leikir
- einstaklings-, para- og hópavinna.

Námsmat

- **Símat** – Námsmat sem framkvæmt er jafnt og þétt yfir námstímann.
- **Leiðsagnarmat** - endurgjöf kennara samhliða verkefnavinnu í kennslustundum.
- **Sjálfsmat** – Markmið og viðmið náms kynnt fyrir nemendum. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu, í samstarfi við kennara, til að fara yfir eigin árangur og setja sér markmið.
- **Stöðumat** – Fjölbreytt verkefnavinna, virkni í tímum, skilningur og samstarfshæfni.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Lífsleikni	Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir
---	---------------------------------------

Markmið	
<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir öðru fólki og öllu lífi. • Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. • Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annars fólks og rétt þýðingu þess. • Getur tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • Sýnt sanngirmi, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. • Rétt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. 	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> • Styrkleikar og veikleikar • Virk hlustun • Samkennd og virðing 	<ul style="list-style-type: none"> • Samræður • Fyrirmyndir og staðalmyndir
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> • Námsefni í lífsleikni, Spor 4 • Ýmis verkefni frá kennara • Efni af interneti 	
Kennsluaðferðir	
<ul style="list-style-type: none"> • Umræðu og spurnaraðferðir • Hlutverkaleikir • Bein kennsla • Samvinnunám 	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur



Námsmat

- Símat, framvinda skráð inn á Mentor
- Leiðsagnarmat, kennarar veita endurgjöf á verkefni nemenda hverju sinni
- Jafningjamat, nemendur meta hvorn annan í verkefnavinnu.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Náttúrufræði	Kennari/ar: Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
--	------------------------------------

Markmið	
<p>Markmið í náttúrufræði er að nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu og þeim lífverum sem þar búa. Þannig kynnast nemendur ólíkum vistkerfum í nánasta umhverfi og/eða á Íslandi. Efla nemendur í að framkvæma athuganir úti og inni. Þekki áttirnar og geti lesið úr þeim á landakorti. Kunni að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum. Geti notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi. Nemendur kynnist veðurfari í heimabyggð og loftslagi á Íslandi. Þekki helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu. Auk þess er unnið með málefni líðandi stundar sem tengjast náttúruvísindum.</p>	
Viðfangsefni	
<p>Ágúst/september: plöntur, plöntutínsla, plöntugreining, hlutverk plantna, plöntuhlutar, ljóstillífur, skordýr.</p> <p>Október/desember: Tré, vistkerfi - fæðukeðjur, fæðuvef, frumframleiðendur, neytendur og sundrendur.</p> <p>Janúar/febrúar: kort og kortalestur, - veður - loftlagsmál - hreint og mengað vatn - hvað getum við gert? (flokkun, neysla og sorp).</p> <p>Mars/apríl: efni - efnabreytingar - hamskipti - hættuleg efni (umbúðamerkingar).</p> <p>Apríl/maí: fuglar - farfuglar, staðfuglar, einkenni, lifnaðarhættir, atferli</p>	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Námsgögn

- Stuðst verður m.a. við
- Líf á landi, plöntuhandbókina, plöntuvefinn
- Bókina Tré, Græðlingur - <https://mms.is/namsefni/graedlingur-1-eg-laeri-um-tre>, verkefni um tré - <http://gufunes.is/muu/muu-visindakistan-verkefni/> - yrkjuvefur - <https://mms.is/namsefni/yrkjuvefur>
- líf á landi (gamla bókin þar er fjallað um fæðukeðjur og fæðuvefi)
- Blikur á lofti, Ísland hér búum við, Auðvitað Jörð í alheimi.
- Auðvitað Heimilið, Huldur hættur á heimilinu - Hönnuhús <http://honnuhus.is/>
- fuglavefurinn, fuglahandbækur, verkefni frá 123 skólar.
- Annað efni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Áhersla er á fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d. fyrirlestrar, lestur/hlustun, verklegar athuganir bæði inni og úti, umræður, verkefnavinna ýmist einstaklings eða hópvinna, útikennsla.

Námsmat

- Leiðsagnarmat: Endurgjöf frá kennara samhliða verkefnavinnu í kennslustundum.
-
- Sjálfsmat: Nemandi leggur mat á eigin námsástundun, skilning og úrvinnslu á viðfangsefni.
-
- Stöðumat: Verkefni, skilningur og virkni í tímum.
-
- Möppumat: Námsmappa nemenda inniheldur safn af verkefnum nemanda sem síðan eru lögð til grundvallar í mati.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Danska	Kennari: Maríanna Jónsdóttir
--	------------------------------

Markmið	
<p>Tilgangur með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnáttu í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).</p> <p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• auki einfalda orðaforðan sinn og geti myndað einfaldar setningar• tileinki sér orðaforða til að geta lesið sér til gagns ýmsa texta• geti skrifað stuttan samfelldan texta um málefni sem hann þekkir• þekki til menningar og mannlífs á Norðurlöndunum	
Viðfangsefni	
Orðaforði tendur: <ul style="list-style-type: none">• dýrum• mat• tölum• skóla• norrænum löndum og fl.	<ul style="list-style-type: none">• Setningaskipan og mjög einföld málfræði.• Hlustun og tjáning
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none">• Valdin verkefni úr Start vinnubók.• Valin verkefni úr bókum af MMS.is• Ýmis tungumálaforrit og vefsíður• Myndir og þætti• Leikir• Efni frá kennara	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluaðferðir

- Hlustun
- Lestur
- Ritun
- Verkefnavinna
- Tjáning
- Spilir og leikir
- Samvinna, hópa- og paravinna
- Einstaklingsleikir

Námsmat

- Símat, stöðumat og leiðsagnarmat
- Þekking, hæfni og leikni nemenda eru könnuð reglulega.
- Námsmat er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árnesþings. Nemendur fá tækifæri til að reyna við hvert viðmið oft en einu sinni, sum viðmið eru alltaf í vinnslu. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Enska	Kennari:
--	----------

Markmið	
<p><i>Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir því að nemendur geti tileinkað sér annað tungumál en móðurmál og læri að beita því í samskiptum við aðra, í leik, starfi og frekara námi. Enska er annað þeirra tveggja tungumála sem kveðið er á um í aðalnámskrá.</i></p> <p>Að nemendur: þjálfist frekar í hlustun og að skilja nokkuð einfalt talað mál um efni sem varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf geti lesið stutta texta með algengum orðaforða á ensku sér til gagns og ánægju geti sýnt fram á nokkuð einfalda samræðuhæfni um efni sem hann þekkir og þjálfist í að beita ensku máli, framburði, áherslum og hrynjandi öðlist frekari færni í að tjá sig í frásögn um daglegt líf og áhugamál þjálfist í að skrifa stutta texta með algengum orðaforða og læri um leið að beita grunnreglum í málfræði og stafsetningu kynnist menningu og málvenjum í enskumælandi löndum geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum í náminu og þjálfist í að setja sér markmið til að auka þekkingu og færni.</p>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> Talað mál, hlustun og áhorf. Lestur einfaldra texta og í léttlestrarbóka á ensku 	<ul style="list-style-type: none"> Málfræði Stafsetning Ritun
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> Yes we can 6, nemendabók og verkefnabók, Ready for action lesbók og verkefni tengd bókinni Portfolio Málfræðiæfingar B Hlustunarefni Léttlestrarbækur Verkefnablöð Annað efni frá kennara t.d textar, spil, margmiðlunarefni og fleira. 	
Kennsluaðferðir	
<ul style="list-style-type: none"> Innlagnir Samræður 	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

- Les- og hlustunaræfingar
- Spil og leikir
- Samvinnuverkefni
- Einstaklingsvinna
- Ritun

Reynt verður að hafa kennsluaðferðir fjölbreyttar og aðlagðar að hópnum og einstaklingum þannig að allir fái að njóta sín á sínum forsendum.

Námsmat

- Símat – Námsmat sem framkvæmt er jafnt og þétt yfir námstímamann og framvinda skráð í Mentor.
- Leiðsagnarmat - endurgjöf kennara samhliða verkefnavinnu í kennslustundum.
- Sjálfsmat – Markmið og viðmið náms kynnt fyrir nemendum. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu, í samstarfi við kennara, til að fara yfir eigin árangur og setja sér markmið.
- Stöðumat – Fjölbreytt verkefnavinna, virkni í tímum, skilningur og samstarfshæfni.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Heimilisfræði	Kennari: Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
--	---------------------------------

Markmið	
Markmið í heimilisfræði er að nemendur skilji tengslin milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Nemendur rifji upp þekkingu sína á fæðuhringnum og vinna sérstaklega með ávaxta og grænmetis. Þekki heiti nokkurra næringarefna og temji sér hollari lífshætti. Nemendur þekki allar mæliskeiðar l, dl, msk, tsk og geti mælt $\frac{1}{4}$ og $\frac{3}{4}$. Mikil áhersla er lögð á verklega kennslu í heimilisfræði.	
Viðfangsefni	
Nemendur fá fræðslu í þeim fjölmörgu þáttum sem tengjast heimilisfræði.	
<ul style="list-style-type: none">• Algeng eldhúsáhöld• Næringarefni og orkuefni• Minnka og stækka uppskriftir• Umhverfisvernd og flokkun á sorpi• Umbúðamerkingar og innkaup	
Verkleg kennsla sem tengist bæði mat og bakstri	
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none">• Ýmis verkefni úr fjölbreyttum bókum, m.a. Gott og gagnlegt 2.	
Kennsluáferðir	
<ul style="list-style-type: none">• Samræður• Sýnikennsla• Einstaklingsvinna• para- og hópavinna.	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur



Námsmat

Leiðsagnarmat

Endurgjöf frá kennara samhliða verkefnavinnu í kennslustundum.

Stöðumat

Verkefni, skilningur og virkni í tímum.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Myndmennt	Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir
--	---------------------------------------

Markmið

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og ölast reynslu sem ekki verður færð í orð. Að nemendur öðlist tækifæri á að læra og tjá sig án orða. Að efla frumkvæði þeirra og þroska gagnrýna og skapandi hugsun. Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur og hugsa í lausnum og þroska persónulega tjáningu og smekk.

- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Gengur vel um eigin skólans, tæki, búnað og efni.
- Gengur vel að vinna með öðrum.
- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.

Viðfangsefni

Kynning á námsefni. Nemendur fá margskonar verkefni sem auka og þjálfa færni þeirra til að tjá sig. Teikning, málun, blöndun lita, mótun í þrívídd og áferðarvinna. Grunnform og náttúruleg form, myndbygging, heitir og kaldir litir og þrykk. Sjónarhorn og stærðarhlutföll. Áhrif ljóss og skugga. Nemendur þjálfast í hlustun og að taka ákvarðanir. Myndmennt er samofin þemavinnu í öðrum fögum þegar við á. Lögð er áhersla góðan vinnuanda í kennslustofu, góða umgengni og frágang.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur



Námsgögn

- Námsefni frá Menntamálastofnun
- Efni af interneti
- Ýmsar námsbækur í aðferðafræði
- Leirmótun
- Listasaga

Kennsluaðferðir

- Einstaklingskennsla
- Sýnikennsla
- Fyrirmæli
- Leikir

Námsmat

- Símat, framvinda skráð inn á Mentor
- Leiðsagnarmat

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Tónmennt	Kennari:
---	----------

Markmið	
Að nemendur:	
<ul style="list-style-type: none">• Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun• Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna• Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),• Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">• Samsöngur• Hlustun á margskonar tónlist• Uppsetning á söng- og leikverki um jól og á árhátíð	
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none">• Ýmiskonar efni af interneti• Efni af tónmenntarvef• Fjölbreytt hljóðfæri•	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur



Kennsluaðferðir

- Hlustun
- Samræður
- Samsöngur
- Einstaklingsvinna

Námsmat

- Símat
- Leiðsagnarmat

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námshættur: Hönnun og smíði	Kennari: Ragnar Gestsson
---	--------------------------

Markmið	
Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• læri að nota einfaldar skissur sem lið í hugmyndavinnu.• læri að velja og beita ólíkum verkfærum (bogasög / tifsög eða raspur / þjöl) og skilji hvaða niðurstöðu hvort verkfæri skili.• skilji og þekki það smíðaeefni sem notað er og af hverju það er valið.• átti sig á réttri förgun afgangsefna, spænil, bútar, sags• skilji mikilvægi verkþátta í flóknari samsetningu.• beiti hönnunarþættinum með hjálp upplýsingatækninnar.	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">• Tálgun í ferskvið (að hausti eða vori)• Gesta- eða minnisbók• Blokkarhaldari	
Námshættur	
Öll þau verkfæri sem henta hverju verkefni. Kennari hvetur til umræðna um kosti og galla hvernar uppástungu. Krossviður, heilviður, trélím, trélitir og annað sem heimur smíðastofunnar hefur uppá að bjóða.	
Kennsluáferðir	
Öll þau verkfæri sem henta hverju verkefni. Kennari hvetur til umræðna um kosti og galla hvernar uppástungu. Laufsög, standborvél, trélím, þvingur, viðarbæs og annað sem töfraheimur smíðastofunnar hefur uppá að bjóða.	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur



Námsmat

Frammistöðumat þar sem verkefni nemenda er metin 50%, kennaraeinkunn 50%.

Kennaraeinkunnin byggir á vinnubrögðum og færni 20%, umgengni og virkni 30%.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Textílmennt	Kennari: Snædís Mjöll Kristjánsdóttir
---	---------------------------------------

Markmið	
<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Öðlist færni í að nota málband og setja merkingar á vefjarefni -Þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og zikk-zakk á saumavél. -Noti einfalda sporgerðir á saumavél til skreytingar og frágangs. -Læri að þæfa þrívíða hluti úr ull, læri um helstu eiginleika ullarinnar -Læri einfaldar aðferðir í þrjóni. -Vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum. -Skilja aðal einkennum í vinnuferli handverks frá hugmynd að fullnum hlut. -Skilji tilgang þess að nota viðeigandi áhöld við vinnuna. -Noti handbækur greinarinnar -Þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með -Beiti fagurfræðilegum grunnlögum (litir, form) í sköpun sinni -Geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni -Upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda 	
Viðfangsefni	
<p>Nám í textíl byggist á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Læsi og sjálfbærni eru þættir sem tengjast textílmennt sterkt og lögð er áhersla á að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir og nýsköpun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Sauma hjarta og nota þráðspor, tunguspor og lykkjuspor -Sauma húfu/eyrnaband eða vettlingar/grifflum úr flís efni/“Ofnhanskar“. -Skrímli eða handklæði- notað útsaum og flíselín til skreytingar. -Þrjóna ennisband, ísl fánann“. -Jólasveinar/hálsmen/Þæfður engill. -Krosssaumur og mynsturgerð. Tie dye lita notaða boli og gefa þeim nýtt líf
Námsgögn	
„Hannyrðir í 3.- 6.bekk“	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

https://vefir.nams.is/textilmennt/pdf/bolt_fig.o.fl.pdf

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/ofnhanskar.pdf

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/nytt_okt_12/fyrirlidaband.pdf

"Ullarþóf" Námsgagnastofnun, 2008. Júlíana Þorvaldsdóttir og Þórunn Eiríksdóttir. https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/ull_og_floki.pdf

<https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/rennilasataska.pdf>

"Stóra saumabókin" Alison Smith. Reykjavík, 2011.

https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/taef_pappaspj.pdf

„Gróft og geggjað prjón“ Jan Eaton. Edda

<https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/jolasokkur.pdf>

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/thaefdur_engill.pdf

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/mariuhaena.pdf

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/prjonafigurur.pdf

https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/nytt_okt_12/krosssaumur_og_mynsturgerd.pdf

Annað efni sem tengist viðfangsefninu

Kennsluáferðir

Sameiginleg innlögn í upphafi, sýnikennsla, para- og hópavinna, einstaklings aðstoð og umræður. Námsþættir: vélsaumur, prjón, útsaumur, þæfing, endurvinnsla.

Námsmat

Ýmsar leiðir eru farnar til að meta námsárangur nemenda. Stöðumat er notað til að leggja mat á getu þeirra við upphaf kennslu, símat byggt á handbragði, formi, litaskyni, hugmyndavinnu og virkni; leiðsagnarmat er nýtt til að fylgjast með námsferlinu og veita stöðugra endurgjöf á meðan á náminu stendur. Lokamat lagt fyrir nemendur til að meta námsárangur þeirra. Umsögn er gefin fyrir vinnubrögð, vinnusemi og framkomu, í lok annar.

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námshættur: Íþróttir	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
--	-----------------------------

Markmið	
Skólaíþróttir gegna mikilvægu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemenda allan grunnskólann. Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hæuti þeirrar heilsuræktar og heilsuefningar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástandd skólabarna hefur jákvæð áhrif á námshætti þeirra. Með kennslu íþróttagreina nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bætt líkams ástand og auðkið sjálfstraust. Með skólaíþróttum getum við því stuðlað að heilbrigðum lífstíl og kennt nemendum að nota fjölbreyttar æfingar sér til gangs og gamans.	
Viðfangsefni	
Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópþjálfun sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.
Námshættur	
Íþróttahöld sem eiga við hverju sinni.	
Kennsluáferðir	
Kennslan byggist upp á ýmsum leikjum. Boltaleikjum, stöðvahringjum, teygjum og slökun. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga, virkni og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	
Námshættur	
Námshættur er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.	

Bekkjarnámskrá- 6. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Sund	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
---	-----------------------------

Markmið	
Öðlist öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hluti í kafi. Skriðsund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þáttí æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda. Nemendur eflist í félagsfærni, sýni öðrum umburðarlyndi og hafi jákvæð samskipti í lauginni.	
Viðfangsefni	
Í sundtímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi sundferðum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Áhersla er lögð á að nemendur fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun og geti notað sundið sem heilsurækt. Nemendur læra rétta sundtækni sem og að geta bjargað sér og öðrum.
Námsgögn	
Íþróttaáhöld (flár, froskalappir, núðlur o.fl.) sem eiga við hverju sinni.	
Kennsluaðferðir	
Stefnt er að því að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir: Einstaklingssund, paravinna, hópavinna, sundbolti, frjálst, leikir, stöðvar, núðlusund og nýta tæknina til kennslu.	
Námsmat	
Námsmat er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.	